

Nð.

427. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klotnað um frv. þetta, og vill meiri hlutinn (Sv. Ól., B. St. og H. V.), að málið nái fram að ganga, en minni hlutinn (Sig. J. og Ól. Th.) mun vera mótfallinn því.

Meiri hlutinn álitur, að gildandi lög frá 1921 um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum hafi haft í för með sér mikla rjettarbót fyrir sjómenn, og jafnvel líka gagnað útgerðarmönnum, en hvíldartíminn samkvæmt þeim, 6 klökku-

stundir, sem oft verður í reynd ekki nema 4–5 klst. svefn, sje ónógur fyrir sjómenn vora, til þess að þeir haldi óskertri heilsu sinni og starfsþoli til lengdar. Sje því 8 klst. hvíld sú minsta hvíld, er tryggja verði sjómönnunum á togurum.

Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu meiri blutans í framsögu, og hafa tveir nefndarmenn nokkra sjerstöðu í máliou, en meiri blutinn er sammála um að leggja til, að frv. verði þó samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Hjeðinn Valdimarsson, Bernh. Stefánsson,
frsm. og fundaskrifari. með fyrirvara.

Sveinn Ólafsson,
form.
með fyrirvara.